



**Almenn viðmið og
aðferðafræði vegna
eftirlitsferlis
Fjármálaeftirlitsins með
vátryggingafélögum**

1. útgáfa

Mars 2019



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Matsferli	4
2.1	Almennt	4
2.2	Flokkun váttryggingafélaga eftir áhrifavægi.....	4
2.3	Vöktun lykiláhættumælikvarða	5
2.4	Helstu þættir í rekstri váttryggingafélaga.....	5
2.4.1	Gjaldþolskrafa, lágmarksfjármagn og gjaldþolsliðir.....	6
2.4.2	Váttryggingaskuld	6
2.4.3	Fjárfestingar	7
3	Mat á áhættuþáttum.....	7
3.1	Mat á viðskiptalíkani (áætlun og stefna).....	8
3.2	Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti.....	8
3.3	Mat á gjaldþolskröfu, lágmarksfjármagni og gjaldþolsliðum	8
3.4	Mat á markaðsáhættu	9
3.5	Mat á kröfuáhættu.....	9
3.6	Mat á rekstraráhættu	9
3.7	Váttryggingaáhætta	10
4	Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir	11
4.1	Áhættumatseinkunnir.....	11
4.2	Viðbótargjaldþolskrafa.....	11
4.3	Hækkun váttryggingaskuldar.....	12
4.3.1	Sérstakar ráðstafanir.....	12

1 Inngangur

Fjármálaeftirlitið leggur mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi váttryggingafélags í svonefndu eftirlitsferli (e. supervisory review process, SRP), m.a. með hliðsjón af eigin áhættu- og gjaldþolsmati váttryggingafélags, sbr. a. liður 4. mgr. 29. gr. laga nr. 100/2016. Fjármálaeftirlitið skal ákvarða lágmarkstíðni slíks eftirlits og mats þar sem tekið er tillit til eðlis, stærðar og margbreytileika starfsemi viðkomandi váttryggingafélags, sbr. 8. mgr. sama ákvæðis.

Tilgangur þessara viðmiða er að skilgreina og kynna aðferðafræði og framkvæmd eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins eins og kveðið er á um í 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 100/2016. Aðferðafræðin byggir á viðmiðunarreglum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (e. European Insurance and Occupational Pensions Authority, EIOPA) um eftirlitsferli.¹

Váttryggingafélagi ber að hafa yfir að ráða skilvirku kerfi áhættustýringar til að greina, mæla og hafa eftirlit með áhættuþáttum í starfseminni, sbr. 44. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Hluti af áhættustýringu hvers váttryggingafélags skal felast í að gera eigið áhættu- og gjaldþolsmat (e. Own risk and solvency assessment, ORSA), í samræmi við ákvæði 45. gr. nefndra laga um váttryggingastarfsemi.

Samkvæmt nefndri 45. gr. laga nr. 100/2016 skal váttryggingafélag hafa til staðar ferla sem taka mið af eðli, umfangi og margbreytileika þeirrar áhættu sem tengist starfseminni og gera félaginu kleift að greina og meta með fullnægjandi hætti þá áhættuþætti sem geta orðið virkir til lengri eða skemmri tíma og fer slíkt mat fram með gerð eigin áhættu- og gjaldþolsmats (e. ORSA). Váttryggingafélag gerir Fjármálaeftirlitinu grein fyrir matinu í svonefndri ORSA- skýrslu sem að jafnaði er skilað árlega.

Í öðrum kafla er fjallað almennt um aðferðafræði eftirlitsferlisins, þar sem fram kemur hvernig váttryggingafélög eru flokkuð eftir áhrifavægi og lýsing á vöktun lykiláhættumælikvarða, mati á einstökum áhættuþáttum, heildaráhættumati, eftirlitsaðgerðum og áhættumatseinkunnum. Þriðji kafli fjallar um mat Fjármálaeftirlitsins á áhættuþáttum og í fjórða kafla er fjallað um heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir Fjármálaeftirlitsins, þ.m.t. sérstakar ráðstafanir.

Til viðbótar við þessi viðmið og almenna aðferðafræði getur Fjármálaeftirlitið birt leiðbeinandi tilmæli, eða eftir atvikum leiðbeiningar og viðmið, um mat á einstökum áhættuþáttum. Birting á aðferðafræði og viðmiðum er í samræmi við stefnu Fjármálaeftirlitsins um gagnsæi í starfsemi stofnunarinnar, en ekki er gengið lengra en nauðsynlegt er svo sem með birtingu á lykiláhættumælikvörðum, heildaráhættumatseinkun og breytum vegna flokkunar á áhrifavægi váttryggingafélaga. Að mati stofnunarinnar getur slík birting aukið líkur á eftirlitshögnun (e. regulatory arbitrage) og í einhverjum tilvikum unnið gegn því huglæga mati (e. supervisory judgement) sem liggur að baki eftirlitsferlinu.

¹ [Guidelines on supervisory review process:](#)

2 Matsferli

2.1 Almennt

Áhættumatsferli Fjármálaeftirlitsins má skipta upp í nokkra meginþætti, eins og lýst er á mynd 1. Nánar er greint frá einstökum þáttum í köflum 2.2 – 2.4.



Mynd 1: Umgjörð matsferlis (e. SRP framework)

2.2 Flokkun váttryggingafélaga eftir áhrifavægi

Fjármálaeftirlitið beitir svonefndri hlutfallsreglu (e. principle of proportionality) í eftirliti sínu með váttryggingafélögum.² Í þeim tilgangi hefur Fjármálaeftirlitið skipt eftirlitsskyldum aðilum upp í fjóra áhrifavægisflokka.

Flokkun váttryggingafélaga eftir áhrifavægi byggir á reiknilíkani, en samkvæmt því fær hvert váttryggingafélag vægi í samræmi við mælanlegar breytur sem Fjármálaeftirlitið hefur skilgreint. Gildi breytanna er fengið úr reglubundnum gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins, athugunum stofnunarinnar og öðrum upplýsingum sem stofnunin aflar.

Breytur líkansins endurspeglar fimm þætti sem liggja til grundvallar mati á áhrifavægi: *stærð, innbyrðis tengsl, staðkvæmd, flækjustig* og umfang alþjóðlegrar starfsemi.

² Þ.e. höfð er hliðsjón af eðli, umfangi og því hversu margþætt starfsemi váttryggingafélags er.

Tafla 1: Áhrifavægisflokkun Fjármálaeftirlitsins

Áhrifavægisflokkun	Lýsing
Hátt áhrifavægi	Eftirlitsskyldir aðilar sem geta ógnað fjármálastöðugleika ef þeir lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun.
Meðalhátt áhrifavægi	Eftirlitsskyldir aðilar sem ógna ekki fjármálastöðugleika ef þeir lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en geta þó haft töluverð áhrif á hagkerfið og stóran hluta viðskiptavina.
Meðallágt áhrifavægi	Eftirlitsskyldir aðilar sem hafa að jafnaði lítil áhrif á fjármálakerfið ef þeir lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en gætu haft áhrif á viðskiptavinum.
Lágt áhrifavægi	Eftirlitsskyldir aðilar sem hafa óveruleg áhrif á fjármálakerfið ef þeir lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun og lítill hópur viðskiptavina yrði fyrir hugsanlegu tjóni.

Til að tryggja viðeigandi eftirlit með hverju og einu váttryggingafélagi hefur Fjármálaeftirlitið skilgreint grunneftirlit líkan (e. minimum engagement model) þar sem tegundir eftirlitsverkefna og tíðni þeirra eru tilgreind fyrir hvern áhrifavægisflokk. Grunneftirlit líkanið segir að jafnaði til um þau verkefni sem talið er að framkvæma þurfi til að viðhalda nauðsynlegri yfirsýn yfir alla áhættuþætti í starfsemi váttryggingafélags. Þannig er mat á helstu áhættuþáttum tíðara eftir því sem áhrifavægið er hærra. Jafnframt er gert ráð fyrir að eðli úttekta og umfang þeirrar vinnu sem lögð er til grundvallar í hverju verkefni ráðist af áhrifavægisflokki og þeirri starfsemi sem váttryggingafélagið stundar.

2.3 Vöktun lykiláhættumælikvarða

Fjármálaeftirlitið rýnir lykiláhættumælikvarða (e. key risk indicators) hjá váttryggingafélögum a.m.k. ársfjórðungslega, ásamt því að fylgjast með þróun fjármálamarkaðarins í heild sinni. Vöktun lykiláhættumælikvarða byggir fyrst og fremst á reglubundnum gagnaskilum og getur gefið vísbendingar um þróun áhættu í starfsemi váttryggingafélaga á milli athugana og þá áhættuþætti sem kanna þarf nánar. Fjármálaeftirlitið endurmetur reglulega þá lykiláhættumælikvarða sem stofnunin styðst við. Lykiláhættumælikvarðar Fjármálaeftirlitsins byggja m.a. á áhættumælikvörðum sem EIOPA styðst við á hverjum tíma.

2.4 Helstu þættir í rekstri váttryggingafélaga

Þeir þættir sem er hvað mikilvægast að greina og fylgjast með í rekstri váttryggingafélaga eru gjaldþol, váttryggingaskuld og fjárfestingar.

2.4.1 Gjaldþolskrafa, lágmarksfjármagn og gjaldþolsliðir

Gjaldþolskrafa váttryggingafélags skal vera mat á allri mælanlegri áhættu váttryggingafélags og skal taka til þegar gerðra samninga sem og væntanlegrar útgáfu nýrra váttryggingasamninga næstu 12 mánuði. Gjaldþolskrafa er annaðhvort reiknuð eftir staðalreglu eða með eigin líkani.

Gjaldþolskrafa reiknuð á grundvelli staðalreglu er samtala grunngjaldþolskröfu, gjaldþolskröfu vegna rekstaráhættu og aðlögun vegna þess hluta váttryggingaskuldar sem nota má til að mæta tapi og frestuðum sköttum.

Að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 104. gr. laga nr.100/2016, getur váttryggingafélag notast við eigið líkan, að hluta eða heild, við útreikning gjaldþolskröfu. Váttryggingafélagi er heimilt að nota eigin hlutalíkon við útreikning á einni eða fleiri áhættueiningum, undireiningum grunngjaldþolskröfu, gjaldþolskröfu vegna rekstaráhættu og aðlögun vegna getu váttryggingaskuldar eða frestaðra skatta til að draga úr tapi. Að auki getur váttryggingafélag notað hlutalíkon fyrir eina eða fleiri af helstu rekstareiningum félagsins þvert á áhættueiningar.

Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið, samkvæmt 102. gr. laga nr. 100/2016, farið fram á að viðkomandi félag noti eigið líkan til útreiknings á gjaldþolskröfu, annað hvort í heild eða vegna tilgreindra áhættueininga, þegar ekki á við að reikna gjaldþolskröfu með staðalreglunni sökum þess að áhættusnið váttryggingafélags víkur verulega frá þeim forsendum sem liggja að baki henni. Ennfremur getur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að í staðinn fyrir tiltekna stika í staðalreglunni noti félagið stika sem sérstaklega eiga við um félagið við útreikning á váttryggingaáhættu.

Noti váttryggingafélag eigið líkan við útreikning á gjaldþolskröfu að hluta eða heild, getur viðkomandi félag ekki notað staðalregluna aftur til grundvallar útreiknings á gjaldþolskröfu nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Lágmarksfjármagn váttryggingafélags skal samsvara 85% af áhættuvirði kjarnagjaldþolsliða til eins árs. Lámargjaldþolið skal þó ekki vera lægra en 25% af gjaldþolskröfu og ekki hærra en 45% að teknu tilliti til viðbótargjaldþolskröfu sé hún til staðar, sbr. 112. gr. laga nr. 100/2016. Þá getur gjaldþolskrafa aldrei verið undir tilteknum lögbundnum fjárhæðum sem ákvarðaðar eru útfrá starfsemi váttryggingafélagsins. Váttryggingafélag skal ákvarða lágmarksfjármagn a.m.k. ársfjórðungslega og tilkynna niðurstöðuna til Fjármálaeftirlitsins.

Gjaldþolsliðir flokkast í þrjá gjaldþolsþætti. Flokkunin er háð því hvort um kjarnagjaldþolsliði eða stuðningsgjaldþolsliði er að ræða og eftir gæðum þeirra, m.a. með tilliti til hvort gjaldþolsliðurinn er tiltækur eða hægt er að innkalla hann til að mæta tapi að fullu, hvort sem er vegna áframhaldandi starfsemi eða vegna slitameðferðar. Helstu einkenni sem ákvarða gæði gjaldþolsliða eru lokagjaldagi (e. maturity), tapgleypni (e. loss absorbency) og víkjanleiki (e. subordination). Hæfir gjaldþolsliðir til að mæta gjaldþolskröfu skulu vera samtala gjaldþolsþátta 1-3 og hæfir gjaldþolsliðir til að mæta lágmarksfjármagni skulu vera samtala gjaldþolsþátta 1 og 2.

2.4.2 Váttryggingaskuld

Váttryggingaskuld er skuldbinding váttryggingafélags vegna gerðra váttryggingasamninga og skal vera metin í samræmi við markaðsupplýsingar ásamt tiltækum upplýsingum um váttryggingaáhættu. Váttryggingaskuld er samtala besta mats og áhættuálags nema í því tilviki þegar skuldbindingar eru reiknaðar á grundvelli fjármálaafurða. Besta mat er meðaltal

fram tíðarfjárstreymis vegið með líkindum að teknu tilliti til áhrifa tímasetninga og greiðslna með viðeigandi áhættulausum vaxtaferli. Áhættuálag er sú fjárhæð sem, ásamt besta mati, er ætlað að tryggja að váttryggingaskuld samsvari þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur váttryggingafélög áskilji sér sem þóknun fyrir að taka við og standa við skuldbindingar sem váttryggingaskuld félagsins er ætlað að mæta.

Greining á þáttum sem tengjast váttryggingaskuld er tvíþætt. Hún snýr annars vegar að nægjanleika (e. adequacy) váttryggingaskuldar til þess að mæta greiðslum til tjónþola vegna bótaskyldra tjónsatburða og hins vegar að réttlæika (e. correctness) útreikninganna, þ.e. hvort viðeigandi forsendur séu notaðar.

2.4.3 Fjárfestingar

Í áhættustefnu váttryggingafélags skal vera umfjöllun um stjórnun fjárfestingaráhættu, skv. 260. gr. framseldrar reglugerðar nr. 35/2015/ESB, sem innleidd var með reglugerð 940/2018. Þar skal m.a. kveðið á um aðgerðir váttryggingafélags til að tryggja að fjárfestingar félagsins séu í samræmi við varfærnisregluna, sbr. 113. gr. laga nr. 100/2016, og aðgerðir til að tryggja að fjárfestingar félags taki tillit til eðlis rekstrar þess, samþykkttra þolmarka, gjaldþolsstöðu og áhættuskuldbindinga til lengri tíma. Fjármálaeftirlitið kannar fjárfestingarstefnu váttryggingafélags með hliðsjón af þeim kröfum sem settar eru fram í framseldri reglugerð nr. 35/2015/ESB. Þá kannar Fjármálaeftirlitið reglulega fjárfestingarferli og fjárfestingar váttryggingafélaga með hliðsjón af því að fjárfest sé í samræmi við varfærnisregluna.

3 Mat á áhættuþáttum

Fjármálaeftirlitið framkvæmir áhættumat fyrir helstu áhættuþætti í starfsemi váttryggingafélaga. Matið er uppfært með tilliti til lykiláhættumælikvarða að jafnaði ársfjórðungslega, en oftast ef þörf krefur.

Áhættumatið er meðal annars framkvæmt með athugunum og greiningum á gögnum sem geta varpað ljósi á áhættu í rekstri váttryggingafélaga og beinast að einstökum áhættuþáttum hjá fleiri en einu váttryggingafélagi í senn eða einstökum váttryggingafélögum. Við áhættumatið er meðal annars stuðst við gögn sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins með reglubundnum hætti, athuganir á afmörkuðum áhættuþáttum (e. off-site inspections) og vettvangsathuganir (e. on-site inspections).

Mat á einstökum áhættuþáttum byggir á undirliggjandi áhættu (e. inherent risk) og þeirri áhættustýringu (e. risk management and controls) sem er til staðar hjá váttryggingafélaginu. Áhættumatinu er þannig ætlað að meta undirliggjandi áhættu í starfsemi váttryggingafélags að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem hlutaðeigandi félag hefur gripið til og ætlað er að draga úr áhættunni. Í tengslum við mat á einstökum áhættuþáttum eru gefnar áhættumatseinkunnir, sbr. kafla 4.1.

3.1 Mat á viðskiptalíkani (áætlun og stefna)

Við greiningu á viðskiptalíkani er lagt mat á þá þætti sem taldir eru ógna lífvænleika³ núverandi viðskiptalíkans og sjálfbærni⁴ viðskiptastefnu váttryggingafélags. Viðskiptastefna váttryggingafélags er greind og skoðuð með tilliti til áhættuvilja og rekstrarniðurstöðu þess undanfarin ár. Metið er hvort rekstrar- og efnahagslegar forsendur séu nægilega skýrar og raunhæfar.

Greiningin er unnin út frá viðskiptaáætlun, ORSA-skýrslu váttryggingafélags, reglubundnum gögnum sem berast til Fjármálaeftirlitsins og öðrum gögnum sem óskað er eftir. Þær upplýsingar eru síðan bornar saman við fyrri athuganir og viðskiptalíkon annarra váttryggingafélaga. Staða váttryggingafélags í viðskiptaumhverfinu er metin, helstu kennitölur greindar og lagt mat á eigindlega og meginlega (e. qualitative and quantitative) þætti viðskiptalíkansins sem og heildarstefnu váttryggingafélagsins.

3.2 Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti

Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti felur í sér könnun á því hvort váttryggingafélag fullnægi kröfum sem gerðar eru til góðra stjórnarhátta og innra eftirlits, og hvort til staðar sé viðeigandi heildstætt kerfi stjórnarhátta, áhættustýringar og innra eftirlits með tilliti til áhættustigs, eðlis, umfangs og starfsemi váttryggingafélags. Við mat á stjórnarháttum og innra eftirliti er horft til þess hvort stjórnarhættir og innra eftirlit skapi áhættu og hafi áhrif á lífvænleika váttryggingafélags.

Matið tekur til stjórnarhátta og innra skipulags, fyrirtækja- og áhættumenningar, samsetningar og starfsemi stjórnar, kaupaukakerfis og starfskjarastefnu fyrirtækisins, áhættustýringar og innra eftirlits. Hér eru undanskildir þeir þættir áhættustýringar og innra eftirlits sem beinast að einstökum áhættuþáttum. Þá er umgjörð og starfsemi lykilstarfsviða váttryggingafélags metin. Matið er unnið úr upplýsingum í ORSA-skýrslu, reglubundnum gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins og öðrum innsendum gögnum, viðtölum við stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn hlutaðeigandi váttryggingafélags, svo og vettvangsathugunum. Stuðst er meðal annars við útgefin viðmið EIOPA um stjórnkerfi váttryggingafélaga⁵.

3.3 Mat á gjaldpolskröfu, lágmarksfjármagni og gjaldpolsliðum

Við mat á útreikningi gjaldpolskröfu kannar Fjármálaeftirlitið hvort forsendur staðalreglunnar séu viðeigandi hjá þeim félögum, sem hana nota. Fjármálaeftirlitið metur út frá upplýsingum í gagnaskilum félaga hvort inntak staðalreglunnar sé rétt og í samræmi við aðrar upplýsingar úr reglulegum gagnaskilum félaganna. Einnig er byggt á gögnum sem aflað er með óreglulegum hætti í eftirlitsaðgerðum, s.s. við vettvangsathuganir. Eigið áhættu- og gjaldpolsmat váttryggingafélaga er haft til hliðsjónar við mat Fjármálaeftirlitsins á gjaldpolskröfum váttryggingafélaga.

³ Lífvænleiki (e. viability) viðskiptalíkans er geta váttryggingafélags til að mynda viðunandi ávöxtun næstu 12 mánuði.

⁴ Sjálfbærni (e. sustainability) viðskiptastefnu er geta váttryggingafélags til að ná viðunandi ávöxtun til framtíðar í a.m.k. þrjú ár, byggt á stefnumótandi áætlunum og fjárhagsspám.

⁵ Guidelines on System of Governance: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-system-of-governance>

Við mat á lágmarksfjármagni styðst Fjármálaeftirlitið við ársfjórðungsleg skýrsluskil váttryggingafélaga um ákvörðun lágmarksfjármagns.

Mat á gjaldþolsliðum nær til athugunar á því hvort flokkun þeirra sé í samræmi við ákvæði um gæði gjaldþolsliða skv. skilyrðum laga nr. 100/2016 og framseldrar reglugerðar nr. 35/2015/ESB til þess að mæta gjaldþolskröfum.

3.4 Mat á markaðsáhættu

Markaðsáhætta er hættan á tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafar beint eða óbeint af breytingum á markaðsvirði eigna, skuldbindinga og fjármálagerna. Fjármálaeftirlitið leggur mat á markaðsáhættu váttryggingafélaga með aðferðum sem byggja á næmni- og sviðsmyndagreiningum. Markaðsáhætta skiptist í nokkra undiráhættuþætti; hlutabréfaáhættu, gjaldmiðlaáhættu, vaxtaáhættu, fasteignaáhættu og samþjöppunaráhættu.

Matið byggir m.a. á upplýsingum úr reglulegum gagnaskilum váttryggingafélaga og öðrum gögnum, sem aflað er með óreglulegum hætti. Forsendur um eignaverð og hagstærðir byggja á upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur áreiðanlegar.

3.5 Mat á kröfuáhættu

Fjármálaeftirlitið leggur mat á kröfuáhættu váttryggingafélaga, sem er hættan á tapi eða óhagstæðri breytingu á fjárhagslegri stöðu sem stafar af sveiflum í láns hæfi útgefanda verðbréfa, mótaðila og annarra sem váttryggingafélag á kröfu á, svo sem vegna endurtrygginga, útlána og krafna.

Matið byggir m.a. á upplýsingum úr reglulegum gagnaskilum váttryggingafélaga og öðrum gögnum, sem aflað er með óreglulegum hætti. Forsendur um eignaverð og hagstærðir byggja á upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur áreiðanlegar.

3.6 Mat á rekstraráhættu

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan af fjárhagslegu tjóni vegna svika, mistaka, vanrækslu og ófullnægjandi ferla og/eða kerfa eða utanaðkomandi atvikum. Við mat á rekstraráhættu er horft til þriggja megin áhættuþátta: upplýsingatækniáhættu (e. systems – IT risk), líkanaáhættu (e. model risk) og háttsemisáhættu (e. conduct risk). Orðspor er mikilvægur þáttur í starfsemi váttryggingafélaga og er orðsporsáhætta (e. reputational risk) einnig til skoðunar sem sérstakur áhættuþáttur undir rekstraráhættu, ásamt laga- og stjórn mála áhættu (e. legal and political risk), hlítningaráhættu (e. compliance risk) og tengsl við stjórnkerfi og innra eftirliti. Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi rekstraráhættu, með áherslu á framangreinda undiráhættuþætti og áhættuþætti sem þykja sérstaklega áhættusamir á hverjum tíma, og stýringu váttryggingafélags á henni.

Hluti af rekstraráhættu er útvistun váttryggingafélags á starfssviði eða hluta af váttryggingarekstri. Váttryggingafélag ber ávallt ábyrgð á útvistuðum verkefnum og nauðsynlegt er að tryggja að útvistun sé í samræmi við ákvæði 49. gr. laga nr. 100/2016. Mikilvægt er að taka út hæfi innri og ytri aðila vegna útvistunar.

Við mat á upplýsingatækniahættu er nú lögð meiri áhersla á net- og upplýsingaöryggi ásamt mikilvægi þess að hafa góða rekstrarsamfellu og viðnámsþrótt. Sérstök áhersla er lögð á að ferlar séu til staðar til að tryggja öruggan rekstur upplýsingakerfa. Ferlarnir þurfa meðal annars að ná yfir öryggismál, frávik, rekstrarrof, útvistun ásamt þróun og innleiðingu. Við yfirferð á upplýsingatækni málefnum er stuðst við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019 um áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila og leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Mat Fjármálaeftirlitsins á rekstraráhættu er unnið úr upplýsingum í ORSA-skýrslu, reglubundnum gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins, fundum með váttryggingarfélögum, úttektum á upplýsingatæknikerfum og öðrum innsendum gögnum.

3.7 Váttryggingaáhætta

Við mat á váttryggingaáhættu er gerður greinarmunur á hvort um sé að ræða áhættu vegna skaðatrygginga eða líftrygginga⁶. Skaðatryggingaáhætta skiptist í iðgjaldaáhættu, sjóðsáhættu og hamfaraáhættu.

Iðgjaldaáhætta er hættan á að iðgjöld séu vanmetin. Við mat á iðgjaldaáhættu er horft til þess hvort afkoma váttryggingafélaga í einstökum greinum er viðunandi. Til að forðast skörun við greiningu á viðskiptalíkani er í greiningu á iðgjaldaáhættu einkum horft á sveiflur í tjónshlutfalli og samsettu hlutfalli. Miklar breytingar á iðgjöldum gefa einnig til kynna óstöðugleika í iðgjaldastefnu félagsins.

Sjóðsáhætta er hættan á að váttryggingaskuld sé vanmetin. Fjármálaeftirlitið leggur mat á váttryggingaskuld váttryggingafélaga með eigindlegum og megindlegum aðferðum. Matið byggir á upplýsingum úr gagnaskilum félaganna og með samanburði á milli tímabila. Matsaðferðir byggja á löggengum (e. deterministic) aðferðum.

Greining Fjármálaeftirlitsins er jafnframt unnin út frá gögnum um tjónakostnað, þróun váttryggingaskuldar og tjóna, dreifingu váttryggingafjárhæða og áhættuskuldbindinga (e. exposures), áhættulausum vaxtaferli og forsendna um verðlag. Sjá annars kafla 2.4 um eftirlit með váttryggingaskuld.

Hamfaraáhætta er hætta á stórtjónum, annað hvort vegna náttúruhamfara⁷ eða manngerðra tjóna. Helsta vörnin gegn slíkri áhættu er fullnægjandi endurtryggingavernd. Ef hlutfall iðgjalda til endurtryggingenda af iðgjöldum í heild er lágt gæti það bent til ófullnægjandi endurtryggingaverndar og félagið því verið viðkvæmara gagnvart hamfaraáhættu.

Helstu áhættuþættir líf- og sjúkdómatrygginga eru dánar-, sjúkdóma- og örorkuáhætta auk kostnaðaráhættu. Í þessum áhættuþáttum felst að reynslan af samningum verða óhagstæðari en dánar-, sjúkdóma- og örorkulíkur og kostnaðarforsendur félagsins gerðu ráð fyrir.

⁶ Heilsutryggingar eru flokkaðar með skaðatryggingum ef þær eru reknar á sambærilegum grunni (seldar af skaðatryggingafélögum) en annars með líftryggingum (seldar af líftryggingafélögum).

⁷ Almenn váttryggingafélög bæta áhættu vegna stormtjóna. Tjón vegna annarra náttúruhamfara er bætt af Viðlagatryggingu Íslands, sem undanþegin er ákvæðum Solvency II.

Það er hlutverk tryggingastærðfræðinga félaganna að vekja athygli á því ef forsendur iðgjalda eru ófullnægjandi. Fjármálaeftirlitið fylgist með líftryggingaáhættu með reglulegum samskiptum við tryggingastærðfræðinga líftryggingafélaganna.

4 Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir

Í árlegu heildaráhættumati Fjármálaeftirlitsins eru dregnar saman niðurstöður á mati á einstökum áhættuþáttum. Heildaráhættumat er framkvæmt fyrir öll váttryggingafélög óháð því hversu oft og hversu ítarleg greining hefur farið fram á einstökum áhættuþáttum. Í tengslum við heildaráhættumat er gefin heildaráhættumatseinkunn, sbr. nánar í kafla 4.1.

Í kjölfar heildaráhættumats og að undangengnu umræðuferli milli Fjármálaeftirlitsins og hlutaðeigandi váttryggingafélags eru viðeigandi eftirlitsaðgerðir ákvarðaðar og váttryggingafélagið upplýst um kröfur stofnunarinnar um úrbætur. Með viðeigandi eftirlitsaðgerðum er átt við aðgerðir er varða váttryggingaskuld, gjaldþol og aðrar eftirlitsaðgerðir. Krafa um úrbætur felur í sér stjórnvaldsákvörðun, sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993, og er hún tilkynnt váttryggingafélagi með formlegum hætti.

4.1 Áhættumatseinkunnir

Áhættumatseinkunnir, sem bæði eru gefnar fyrir einstaka áhættuþætti og heildaráhættumat, eru nýttar í eftirliti Fjármálaeftirlitsins, meðal annars við forgangsöröðun verkefna. Áhættumatseinkunnir teljast hluti af áhættumatskerfi stofnunarinnar og eru ekki birtar einstökum váttryggingafélögum. Einkunnaskali áhættumats er frá einum upp í fjóra, sbr. töflu 2.

Tafla 2: Áhættumatseinkunnir

Áhættumatseinkunn	Lýsing
1	Lítill áhætta til staðar.
2	Frekar lítil áhætta til staðar í rekstri váttryggingafélags, en möguleiki er til umbóta og mikilvægt að fylgjast með veikleikum í rekstri.
3	Frekar mikil áhætta til staðar í rekstri váttryggingafélags. Nauðsynlegt að beina athygli að hlutaðeigandi félagi og fara fram á úrbætur.
4	Mikil áhætta í rekstri váttryggingafélags. Nauðsynlegt að grípa inn í og krefjast tafarlausra úrbóta.

4.2 Viðbótargjaldþolskrafa

Fjármálaeftirlitið getur, sbr. 32. gr. laga nr. 100/2016, í eftirfarandi undantekningartilfellum, lagt viðbótargjaldþolskröfu á váttryggingafélög í kjölfar eftirlitsferlis stofnunarinnar:

1. Þegar áhættusnið váttryggingafélags er verulega frábrugðið þeim forsendum sem liggja að baki gjaldpolskröfu, eins og hún er reiknuð með staðalreglunni og krafa um að nota eigið líkan á ekki við eða hefur ekki skilað árangri. Sem og ef hlutalíkan eða alhliða líkan er í vinnslu.
2. Þegar áhættusnið váttryggingafélags er verulega frábrugðið þeim forsendum sem liggja að baki gjaldpolskröfu, eins og hún er reiknuð með alhliða líkani eða hlutalíkani, vegna þess að tiltekna mælanlegar áhættur eru metnar með ófullnægjandi hætti og ekki hefur verið brugðist við með því að aðlaga líkanið innan viðunandi tíma.
3. Þegar stjórnarhættir váttryggingafélags eru verulega frábrugðnir þeim kröfum sem gerðar eru í lögum til váttryggingafélaga og frávikin koma í veg fyrir að félagið geti með viðeigandi hætti metið, greint, fylgst með, stjórnað og gefið skýrslu um þær áhættur sem það stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir og ólíklegt er að notkun annarra úrræða bæti úr frávíkunum innan viðunandi tíma.

Viðbótargjaldpolskrafa skal ávallt vera í samræmi við þá áhættu eða ágalla sem eru grundvöllur álagningar hennar og skal Fjármálaeftirlitið krefjast úrbóta innan viðunandi tímafrests. Viðbótargjaldpolskrafa skal felld niður þegar viðunandi úrbætur hafa verið gerðar og skal endurskoðuð a.m.k. árlega.

Viðbótargjaldpolskrafa er óháð áhættumati stofnunarinnar.

4.3 Hækkun váttryggingaskuldar

Váttryggingafélag skal geta sýnt Fjármálaeftirlitinu fram á að fjárhæð váttryggingaskuldar þess sé hæfilega ákvörðuð og að aðferðir við ákvörðun hennar séu nothæfar og viðeigandi og að þau tölfræðilegu gögn sem stuðst er við séu fullnægjandi. Uppfylli mat váttryggingafélags á váttryggingaskuld sinni ekki ákvæði laga nr. 100/2016, getur Fjármálaeftirlitið, á grundvelli 86. gr. laganna, krafist þess að félagið hækki váttryggingaskuldina svo skilyrðum laganna sé fullnægt.

4.4 Sérstakar ráðstafanir

Fjármálaeftirlitið hefur heimildir til beitingar sérstakra ráðstafanna, sbr. XIX. kafla laga nr. 100/2016, uppfylli váttryggingafélag ekki þær fjárhagslegu kröfur sem gerðar eru til þess samkvæmt lögunum.

Uppfylli váttryggingafélag ekki skilyrði laganna um váttryggingaskuld getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun félagsins á fjármunum og eignum þess, sbr. 116. gr. laga nr. 100/2016. Fullnægi váttryggingafélags ekki gjaldpolskröfu eða talin verður hætta á að slíkt gerist innan þriggja mánaða, fer Fjármálaeftirlitið fram á að félagið geri áætlun um endurreisn fjárhags þar sem fram kemur hvenær og með hvaða hætti gjaldpolskröfunni verður fullnægt. Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort áætlun váttryggingafélags um endurreisn fjárhags teljist fullnægjandi, sbr. 177. gr. sömu laga. Fullnægi váttryggingafélags hins vegar ekki kröfu um lágmarksfjármagn eða talin verður hætta á að slíkt gerist innan þriggja mánaða, er þess krafist að váttryggingafélagið skili áætlun um fjármögnun til skamms tíma um það hvenær og á hvaða hátt lágmarkinu verði náð. Fjármálaeftirlitið metur hvort áætlunin um fjármögnun teljist fullnægjandi auk þess að hafa heimildir til að takmarka eða banna ráðstöfun fjármuna eða eigna sé það liður í

endurfjármögnun félagsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið undir þeim kringumstæðum takmarkað eða bannað útgáfu nýrra váttryggingaskírteina og gripið til annarra aðgerða sem það telur nauðsynlegar á grundvelli 119. gr. laganna.

Ef fyrirséð er að fjárhagsstaða váttryggingafélags muni enn versna getur Fjármálaeftirlitið gripið til frekari aðgerða sem það telur nauðsynlegar til að verja hagsmuni váttryggingartaka. Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins hvað það varðar skulu endurspeglar hversu alvarlegt ástandið er og hversu lengi það varir, sbr. 119. gr. laga nr. 100/2016.

Sinni váttryggingafélag ekki tilmælum Fjármálaeftirlitsins um ráðstafanir til að meta á fullnægjandi hátt váttryggingaskuld sína eða tryggja örugga ávöxtun fjármuna sem ætlað er að mæta henni og gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir innan þeirra tímamarka sem Fjármálaeftirlitið hefur gefið, getur stofnunin afturkallað starfsleyfi þess. Einnig getur Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi félags sem uppfyllir ekki kröfu um lágmarksfjármagn, telji það áætlun um fjármögnun augljóslega ófullnægjandi eða félagið framfylgir ekki þeirri áætlun sem lögð hefur verið fram. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið, samkvæmt 122. gr. laga nr. 100/2016, afturkalla starfsleyfi váttryggingafélags uppfylli félagið ekki lengur skilyrði starfsleyfis eða vanrækir gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um starfsemi váttryggingafélaga þannig að hagsmunum váttryggingartaka og váttryggðra sé stefnt í hættu.

Með hagsmuni váttryggingartaka og váttryggðra að leiðarljósi, og eftir atvikum í samráði við önnur hluteigandi eftirlitsstjórnvöld, skal Fjármálaeftirlitið takmarka eftir því sem nauðsyn krefur, frjálsa ráðstöfun eigna félagsins þegar váttryggingaskuld er vanmetin, skilyrðum um gjaldþol er ekki fullnægt og hætta er á versnandi fjárhagstöðu félagsins sé ekki gripið til ráðstafanna, sbr. 122. gr. laga nr. 100/2016.